



1185. stjórnarfundur VR

Haldinn föstudaginn 22. febrúar 2019, kl. 12:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir (fjarfundur), Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 1184. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.** Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1184. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

- 2. Næstu skref í kjaraviðræðum við SA**

Ragnar Þór sagðist undrandi á furðulegum tölum um kröfur okkar sem birst hafa undanfarið og sérlega í blaðagrein Fréttablaðsins í dag. Hann hafi sjálfur brugðist við og sett kröfur okkar og gagntilboð SA á Facebook síðu sína en við höfum ekki hingað til getað sett það út.

Stefán og Viðar hagfræðingur eru ásamt Steinunni að útbúa frétt um okkar kröfur og kostnaðarmat.

Næst er að skoða með gerð á aðgerðaáætlun og að virkja stjórn Vinnudeilusjóðs VR og skipa verkfallsnefnd 3 – 5 einstaklinga úr stjórn.

Stefán tók nú til máls og fór yfir nokkur praktísk atriði um verkföll og boðun þeirra samkvæmt reglum. Hægt er að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í pósti eða rafrænt, en einnig hægt að hafa minni kosningar í einstaka fyrirtæki og þá rafrænt eða með kjörkassa á staðnum. Ef viðhöfð er rafræn atkvæðagreiðsla á einstaka vinnustað er lágmarkspáttaka 20% en slíkt er ekki krafa í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Þá liggur fyrir að tímafrestur er sá að 7 dagar þurfa að vera á milli þess dags sem kjörgögn eru send og þar til kosningu um verkfall lýkur og síðan aðrir 7 dagar frá niðurstöðu kosninga sem yrði tilkynnt SA og ríkissáttasemjara þar til verkfall getur hafist.



Þá fór Stefán yfir á slæðum nöfn nokkurra mögulegra fyrirtækja í gistipjónustu og fólksflutningum sem kæmi til greina að fara með í staðbundin verkföll. Í þeim eigum við 870 félagsmenn og í rafrænni atkvæðagreiðslu meðal þeirra væri lágmarkspátttaka 174 þ.e. 20%.

Þetta þurfi þó að útfæra betur, m.a. þarf að vera öruggt að viðkomandi fyrirtæki sé í SA og við þurfum að gæta vel að öllum formsatriðum svo verkfall verði ekki dæmt ógilt.

Gróf tímaáætlun gæti verið á þá leið að við kynnum þetta 25. febrúar, kjörgögn verði send og kosning hæfist 27. febrúar, kosningu lyki 5. mars og fyrsti verkfallsdagur væri þá 13. mars.

Þurfum að stilla þetta af í samvinnu með Eflingu um helgina. Taktur verkfalla gæti t.d. verið á þá leið að fyrst væri verkfall í 2 sólarhringa, þá fjóra, svo viku og loks ótímabundið. Við eigum 3,8 milljarða króna í verkfallssjóði og höfum reiknað það út að ef farið verður í verkfall með þessa 870 starfsmenn þá kosti það 18,5 milljónir kr. á dag.

Við reiknum með að sú aðferð um rafræna atkvæðagreiðslu verði fyrir valinu en bara hjá þeim sem verkfall tæki til. Væntanlega þurfum við líka að hringja í hvern og einn til að hvetja þá til að kjósa svo við náum örugglega 20% þátttöku.

Umræður.

Í umræðum var ákveðið að setja við fyrsta hentugleika út skjal „Spurt og svarað, um verkfall“ á vef VR.

Agnes vék af fundi kl. 13:00

Ragnar Þór spurði nú hverjir fundarmanna gæfu kost á sér í verkfallsnefnd? Eftirfarandi gáfu kost á sér og voru samþykkt sem verkfallsnefnd VR:

Agnes
Arnþór
Friðrik Boði
Elizabeth Ann



Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs verður svo kölluð saman eftir þörf.

Umræður héldu nú áfram.

Fundi slitið kl. 13:10

Árni Leósson fundarritari